

Erindisbréf

Byggingarnefnd um nýframvæmdir í Kaplakrika

Byggingarnefndin starfar samkvæmt samþykkt Umhverfis- og framkvæmdarráðs frá 26. júní 2013.

Skipan

Byggingarnefndina skipi:

- Þrír fulltrúar skipaðir af Umhverfis- og framkvæmdarráði (einn frá hverjum stjórnarálflokki) serm jafnframt skipa formann byggingarnefndarinnar
- Sviðsstjóri Umhverfi og framkvæmda
- Íþróttafulltrúi
- Verkefnisstjóri nýframkvæmda frá Umhverfi og framkvæmdum
- Tveir fulltrúar skipaðir af FH

Hlutverk

Störf byggingarnefndar ná til þeirra verkefna sem lúta að nýframkvæmdum við Kaplakrika sem hófust árið 2005 og lúta að félagsaðstöðu, stúkubyggingu, tengibyggingu við Risann og byggingu frjálsíþróttahúss auk tilheyrandi lóðaframkvæmda á nýbyggingarsvæðinu.

En forgansatriði er að ljúka við byggingu frjálsíþróttahúss við Kaplakrika.

Fjármögnun, framkvæmdir og verkumsjón er á forræði sveitarfélagsins, nema um annað sé samið við Fimleikafélag Hafnarfjarðar.

Verkefni sviðsstjóra eru auk þess:

- Sjá um boðun funda, ritun fundargerða og annað utanumhald um verkefnið.
- Tengsl við aðrar einingar stjórnkerfis Hafnarfjarðar sem málið varðar.
- Söfnun allra gagna og upplýsinga sem þörf er á.

Tímarammi og umfang verkefnis.

Nefndin skal funda eftir framgangi verksins. Greitt er fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Nefndin skal skrá í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hennar. Fundargerðir byggingarnefndar skal senda Umhverfis- og framkvæmdarráði til staðfestingar.